

# Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglings.

Mannréttindaskrifstofan mælir með því að tillagan verði samþykkt.

Mótun heildarstefnu í málefnum barna og unglings er nauðsynleg og löngu tímabær. Skortur á slíkri stefnumótun hefur óneitanlega haft áhrif á það hversu veik staða barna er í íslensku samfélagi.

Nú þegar búið er að flytja málefni grunnskóla og stendur til að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna, er brýn þörf á að heildstæð opinber stefna í málefnum barna og unglings sé fyrir hendi. Það er forsenda þess að hægt verði að tryggja að öll börn búi við jafnan rétt í framkvæmd.

Mannréttindaskrifstofan hefur kynnt sér umfjöllun samtakanna Barnaheilla og Umboðsmanns Barna er lúta að opinberri stefnumótun í málefnum barna og unglings. Skrifstofan tekur undir sjónarmið sem þessir aðilar hafa sett fram og mælist til þess að þeir verði til ráðgjafar við móturn opinberrar heildarstefnu í málefnum barna og unglings.